

Ed.

322. Frumvarp til laga

[161. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. málgr. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmans eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv., sbr. einkum 22. gr., er gert ráð fyrir því, að þinglýsingarskjöl verði staðfest af þeim aðilum, er greinir í 1. gr. frv. þessa, og þykir þá rétt að leggja til, að 15. gr. lögtakslaganna verði breytt, til samræmis við þinglýsingareglurnar almennt.